

Alþingi
Erindi nr. P 128/1192
komudagur 20.2.2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 20. febrúar 2003

FR.004.03

Efni: Umsögn um “Tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003 – 2006.

Vísað er í bréf samgöngunefndar Alþingis dags. 6. febrúar 2003 þar sem óskað er umsagnar um “Tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003 – 2006.”

Bréfið og tillagan voru lögð fram á 89. fundi og eftirfarandi ályktun samþykkt á 90. fundi 20. febrúar 2003.

Vísað er í umsögn Flugráðs um “Tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2003 – 2014” þar sem fjallað er almennt um samgönguáætlun uppbyggingu og markmið.

Í þessari umsögn verður því fyrst og fremst fjallað um framkvæmdaáætlun 2003 – 2006 og gerðar tillögur um breytingar og viðbætur við framkvæmdir eftir því sem Flugráð telur tilefni til.

Tillögur að breytingum á samgönguáætlun 2003 – 2006.

Breytingatillögur á framkvæmdum eru teknar fyrir í tveimur hlutum. Í fyrri hlutanum er farið yfir þær framkvæmdir sem Flugráð telur mögulegt að fresta eða hætta við og í seinni hlutanum eru gerðar tillögur um ráðstöfun þeirra fjármuna sem losna og gerð tillaga um framkvæmdir þar sem talið er nauðsynlegt að fara fram á viðbótarfjármagn.

I. Tillögur að frestun eða niðurfellingu framkvæmda.

1. Reykjavíkurflugvöllur.

Lagt er að framlag til bygginga lækki úr kr. 141. millj. í kr. 121 millj.

Um er að ræða byggingu á sand-og tækjageymslu. Það er skoðun Flugráðs að minnka verði umfang þeirrar byggingar í ljósi þeirra takmörkuðu fjármuna sem til ráðstöfunar eru. Lagt er til að áfangaskipta byggingunni og verði kr. 90 millj. varið til byggingarinnar í stað kr. 110 millj.

2. Æfingaflugvöllur

Flugráð hefur lagt til við samgönguráðuneyti sbr. samþykkt á 88. fundi og bréf Flugráðs FR.003.03 dags. 21. janúar 2003 að í stað þess að byggja sérstakan flugvöll fyrir snertilendingar verði miðað við að beina slíku æfingaflugi til Keflavíkurflugvallar. Á árinu 2001 skiptust snertilendingar til helminga á milli Keflavíkur-og Reykjavíkurflugvallar og á fyrstu sex mánuðum 2002 voru um 60% á Keflavíkurflugvelli og 40% í Reykjavík.

Lagt er til að endurbæta flugvöll á Sandskeiði til að taka jafnframt við slíkum æfingum.

Verði farið að þessum tillögum munu eftirfarandi upphæðir sparast: **2003** kr. 73 millj. **2004** kr. 65 millj. **2005** kr. 73 millj. og **2006** kr. 63 millj..

Flugráð hefur gert tillögu um að nýta kr. 25 millj. af framkvæmdafé **2003** til að leysa hluta af rekstrarvanda Flugmálastjórnar. Til ráðstöfunar til framkvæmda **2003** eru samkvæmt því kr. 48 millj.

II. Tillögur að framkvæmdum.

Eins og kemur fram í umsögn Flugráðs að tólf ára samgönguáætlun er það skoðun Flugráðs að óhjákvæmilegt sé að fara í tiltekna framkvæmdir í flugmálum til að bæta flugöryggi.

Óhjákvæmilegt er að til frekara framlags komi til flugmála til þess að hægt verði að fara í þessar framkvæmdir.

Það voru mikil vonbrigði að flugmál skyldu ekki njóta neins af því fjármagni sem ætlað er til samgöngumála í tengslum við aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.

Það er skoðun Flugráðs að ekki verði hjá því komist að fara í eftirfarandi framkvæmdir.

1. Tækjasjóður.

Flugráð hefur lagt á það mikla áherslu að átak verði gert til þess að efla öryggis-og björgunarbúnað á íslenskum flugvöllum. Flugmálastjórn hefur nú unnið drög að skýrslu en í henni kemur fram að þörf er viðbótar-fjármagns upp á kr. 35.6. millj. til að efla þennan þátt.

Í tillögum að ráðstöfunum á upphæð til tækjasjóðs þ.e. inni í kr. 70 millj. á árinu **2003** eru áætlaðar kr. 11.5 millj. í þessu sambandi. Flugráð leggur til að til viðbótar verði á árinu **2003** varið kr. 5 millj og á árinu **2004** kr. 19. millj. Árið **2005** verði upphæð til tækjasjóðs hækkuð um kr. 30 millj. og **2006** um kr. 20 millj. til að endurbæta tækjabúnað á flugvöllum.

2. Þingeyri.

Flugvöllurinn á Þingeyri er skilgreindur sem hluti af flugvallarkerfi á norðurhluta Vestfjarða, þ.e. litið er á flugbrautina á Þingeyri sem þverbraut fyrir Ísafjarðarflugvöll. Flugbrautin á Þingeyri er hins vegar verulega takmarkandi í austan áttum. Flugráð telur að nauðsynlegt sé að fara í lengingu á flugbrautinni til að áætlunarflugvélar geti farið með eðlilegan farm af flugvellinum til að flugvöllurinn þjóni því öryggis-og þjónustuhlutverki sem honum er ætlað. Í þessu skyni er lagt til að árinu **2003** verði varið kr. 5 millj. til hönnunar og undirbúnings framkvæmda og árin **2004** og **2005** verði varið kr. 75 millj. hvort ár til að ljúka framkvæmdinni.

3. Sandskeið

Í samræmi við tillögu um að hætta við byggingu sérstaks flugvallar fyrir snertilendingar er lagt til að endurbæta flugvöllinn að Sandskeiði til að hann geti að hluta til þjónað þessu hlutverki. **2003** er lagt til að verja kr. 15 millj. og **2004** kr. 5 millj. í þessu skyni.

4. Ísafjarðarflugvöllur

Lagt er til að verja kr. 5 millj. til rannsókna, hönnunar og undirbúnings að endurbótum á öryggissvæðum og sjóvarnargörðum.

5. Bíldudalur.

Lagt er til að á árinu **2003** verði kr. 3 millj. varið til hönnunar og undirbúnings að gerð öryggissvæða og á árinu **2006** kr. 26 millj. til framkvæmda.

6. Grímsey.

Á árinu **2003** er gert ráð fyrir að verja kr. 8 millj. til að leggja malaryfirlag á flugbrautina í Grímsey. Það liggur fyrir að mjög brýnt er orðið að endurbyggja flugbrautina úr varanlegu efni og sú framkvæmd sem áætluð er mun einungis duga í skamman tíma. Jafnframt er nauðsynlegt að endurbæta aðflugs-og ljósabúnað á flugbrautinni. Flugráð leggur til að á árinu **2003** verði kr. 74 millj. varið til endurbyggja flugbrautina í Grímsey og kr. 16 millj. i endurnýjun á ljósabúnaði. Viðbótarfjárförf er því kr. 82 millj.

Samanteknar tillögur Flugráðs að breytingu á "Tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir ársins 2003 – 2006."

Niðurskurður.


Upph. Millj. kr.	2003	2004	2005	2006
Reykjav. flugvöllur	- 20			
Æfingaflugvöllur	-48	-65	-73	-63
Til ráðstöfunar	68	65	73	63
Framkvæmdir				
Tækjasjóður	5	17	30	20
Þingeyri	5	75	75	
Sandskeið	15	5		
Ísafjörður	5			
Bíldudalur	3			26
Grímsey	82			
Samtals	115	97	105	46
Mismunur (hvert ár)	- 47	-32	-32	+17

Rétt er að leggja á það áherslu að áætlanir um endurnýjun og gerð öryggissvæða á Ísafirði og Bíldudal eru á frumstigi en gera má ráð fyrir að þær framkvæmdir muni kosta verulegar fjárhæðir.

Að mati Flugráðs er með ofangreindum tillögum að niðurskurði gengið mjög langt í því að minnka fjárþörf eins og mögulegt er, en rétt er þó að taka fram að hér er um frestun að ræða, nema hvað varðar tillögur um æfingaflugvöll.

Tillögur að nýjum framkvæmdum eru að mati Flugráðs brýnar framkvæmdir til að halda uppi og bæta þann staðal flugöryggis sem við viljum búa við hér á landi og er í raun ekki nógu langt gengið.

Virðingarfyllt



Hilmar B Baldursson
formaður Flugráðs